

## AUGLÝSING

### **um breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka, Vesturgötu 32 í Hafnarfjarðarkaupstað.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 18. apríl 2007 breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka, Vesturgötu 32 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að sleppisvæði sem er fyrir framan inngang hússins við Vesturgötu 32 er fært og viðbyggingar byggðar eftir 1918 rifnar. Auk þess verður ónýtur skúr á lóð fjarlægður. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 4. júní 2007,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2007